

Nafn Borgarness breytist ekki í Latabæ þó bærinn standi undir nafni

Það stýttist í Latabæ í Borgarnes.



Magnús Scheving, skapari Latabæjar og íþróttaálfurinn sjálfur, er einn helsti hvatamaður á bak við upplifunarsetur byggt á Latabæ í Borgarnesi en hann er sjálfur uppalinn bænum. *Heiddi / Heiðar Kristjánsson*

Helga Halldórsdóttir, einn hvatamanna sem kemur að uppbyggingu upplifunarseturs byggt á þáttunum um Latabæ í Borgarnesi, vinnur nú hörðum höndum að því að undirbúa uppbyggingu og opnun setursins, ásamt Magnúsi Scheving, skaparara Latabæjar, og fleira drífandi fólki. Hún ræddi um verkefnið í Helgarútgáfunni á K100 á laugardag.



[Frétt af mbl.is](#)

Borgarnes er „Latibær“



Latibær eða LazyTown er eitt þekktasta vörumerki Íslands ásamt Icelandair. *Ljósmynd/Eddi*

Hún staðfestir að setrið muni hafa heilbrigðan lífsstíl að leiðarljósi líkt og Latibær.

Vinna í staðsetningu og undirbúa fjármögnun

„Það byggir á því að gefa inn sýn í Latabæjarstúdíóið sem hefur verið að taka upp þættina. En síðan höfum við verið að hugsa í kringum það ýmis konar afþreyingu og hreyfingu og jafnvel veitingastað. Við erum stödd á þeim stað núna að vera að vinna í staðsetningu og undirbúa fjármögnun,“ sagði Helga.

Hefur það komið til tals að breyta nafninu Borgarnes í Latabæ?

„Ég veit ekki alveg hvort við náum því en það má hins vegar segja að við stöndum alveg undir nafni í dag því það er svo mikið um að vera í bænum einmitt í tengslum við Brákarhátíð og Landsmót 50+. Þannig að það hefði verið gaman að vera með stúdíóið tilbúið núna en það er vonandi bara stutt í það,“ sagði Helga sem sagðist finna fyrir miklum velvilja frá íbúum Borgarbyggðar varðandi verkefnið.